



# IÐAVÖLLUR NÁMSMATSHANDBÓK 2022

Iðavöllur 2022

## YFIRLIT:

Þessi handbók er yfirlit yfir það námsmat sem fer fram á Iðavelli og er hugsuð til þess að hafa yfirsýn yfir það námsmat sem fer fram í leikskólanum. Í handbókinni koma fram útskýringar á skimunartækjum og matstækjum, verkferlum og annað sem útskýrir námsmat í leikskólanum.

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Matstæki nemendur .....	3
Hér er fjallað um þau matstæki sem notuð eru til að meta nám og þroska barna.....	3
TRAS.....	3
Verkferlar við TRAS .....	3
MIO .....	3
Verkferlar við MIO .....	3
HLJÓM-2 .....	4
Verkferlar við HLJÓM-2 .....	4
EFI-2 .....	5
Verkferlar við EFI-2.....	5
Ferilmappa barnsins.....	5
Verkferlar ferilmöppu .....	6
AEPS.....	6
Verkferlar við AEPS .....	6
Skólaskil .....	6
Verkferlar skólaskila.....	7
Vinnuferli sérkennslumála .....	7
Íslenska sem annað mál .....	7
Verkferlar íslensku sem annað mál .....	8
Námssvið aðalnámskrár leikskóla .....	8
Mat á námi barna: hlutverk kennara .....	8
Verkferlar við mat á námi barna .....	9
Hæfniþættir við lok leikskóla .....	9
Verkferlar við mat á hæfniviðmiðum aðalnámskrár .....	11
Matstæki kennarar .....	11
Sjálfsmat kennara .....	11
Verkferlar við sjálfsmat kennara .....	11
Leikur sem námsleið .....	11
Verkferlar við mat á leik sem námsleið .....	12
Fylgiskjöl .....	13
Fylgiskjal 1. TRAS.....	13
Fylgiskjal 2. MIO .....	16
Fylgiskjal 3. Hljóm-2 .....	17

Fylgiskjal 4. Skil milli leikskóla .....	19
Fylgiskjal 5. Skil milli skólastiga .....	20
Fylgiskjal 6. Mat á námi og velferð barna, deildarniðurstöður.....	22
Fylgiskjal 7. Grunnþættir menntunar .....	23
Fylgiskjal 8. Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltýngd börn .....	26
Fylgiskjal 9. Sjálfsmatslistar kennara .....	27

## Inngangur

Þessi handbók er leiðarvísir um það námsmat sem fer fram á Iðavelli og er hugsuð til þess að hafa yfirsýn yfir námsmat á öllum deildum, ásamt því að gera verklag aðgengilegt. Í handbókinni koma fram útskýringar á skimunartækjum og matstækjum, verkferlum og annað sem útskýrir námsmat í leikskólanum.

Námsmatshandbókin er fyrst gefin út haustið 2022 en er lifandi plagg og skal endurskoðuð á hverju skólaári.

## Matstæki nemendur

Hér er fjallað um þau matstæki sem notuð eru til að meta nám og þroska barna.

**TRAS** er skráning á málþroska og félagsþroska ungra barna. TRAS-skráningartækið hjálpar leikskólakennurum að finna þau börn sem hafa frávik í málþroska og grípa inn í með markvissum aðgerðum ef um frávik er að ræða með snemmtækri íhlutun. TRAS er lagt fyrir hvert barn eftir ákveðnu mynstri sem tengist aldri barns.

### Verkferlar við TRAS

**Framkvæmd:** Fyrsta fyrirlögn er u.þ.b. 2 ára og 2 mánaða og síðan er fyllt út á 6 mánaða fresti eftir það. TRAS er lagt fyrir öll börn í leikskólanum. TRAS er fyllt út í samvinnu/teymum hverrar deildar, auk þess sem sérkennsluteymi Iðavallar getur einnig komið að útfyllingu. Kennari með TRAS réttindi fyllir út TRAS með aðstoð þess starfsmanns/kennara sem þekkir barnið best.

Í *fylgiskjali 1* má sjá eyðublað yfir þá þætti sem skimaðir eru í TRAS, eitt eintak er fyrir hvert barn sem fylgir því út leikskólagönguna. Blaðið auðveldar starfsfólki að sjá þróun hjá hverju barni.

**Niðurstöður:** Niðurstöður eru kynntar fyrir foreldrum í foreldraviðtali 1x á ári, að vori. Deildarstjórar taka saman stutta samantekt fyrir deildina um niðurstöður TRAS að vori og senda á stjórnendur sem vinna úr niðurstöðunum.

**Eftirfylgd:** Niðurstöður eru skoðaðar og hver deild metur áframhaldandi vinnu út frá því með aðgerðaráætlun.

**Leiðir til íhlutunar:** TRAS hópar - málörvunarhópar, einstaklingsþjálfun, tilvísun o.s.frv. Hver deild gerir áætlun sem hentar starfi deildarinnar. Deildarstjóri ber ábyrgð á að aðgerðaráætlun sé framfylgt.

**MIO** er skimun á stærðfræðisþroska barna á leikskólaaldri og hjálpar starfsfólki að átta sig á þeirri stærðfræðifærni sem hvert barn hefur tileinkað sér. Skimunin hjálpar starfsfólki að koma auga á frávik og grípa inn í með markvissum aðgerðum og snemmtækri íhlutun. MIO er lagt fyrir öll börn í leikskólanum á ákveðnum aldursbilum.

### Verkferlar við MIO

**Framkvæmd:** Fyrsta fyrirlögn er u.þ.b. 2 ára og 6 mánaða. Næst eru börnin metin þegar þau eru 3 ára og 6 mánaða og að síðustu 4 ára og 6 mánaða.

MIO er lagt fyrir öll börn í leikskólanum. MIO er fyllt út í samvinnu/teymum hversrar deildar, auk þess sem sérkennsluteymi Iðavallar getur einnig komið að útfyllingu. Starfsmaður með MIO réttindi fyllir út eyðublaðið með aðstoð þess starfsmanns/kennara sem þekkir barnið best.

Í *fylgiskjali 2* má sjá eyðublað yfir þá þætti sem skimaðir eru í MIO, eitt eintak er fyrir hvert barn sem fylgir því út leikskólagönguna. Blaðið auðveldar starfsfólki að sjá þróun hjá hverju barni.

**Niðurstöður:** Niðurstöður eru kynntar fyrir foreldrum í foreldraviðtali 1x á ári, að vori. Deildarstjórar taka saman stutta samantekt fyrir deildina um niðurstöður MIO að vori og senda á stjórnendur sem vinna úr niðurstöðunum.

**Eftirfylgd:** Niðurstöður eru skoðaðar og hver deild metur áframhaldandi vinnu út frá því með aðgerðaráætlun.

**Leiðir til íhlutunar:** MIO hópar- málörvunarhópar, einstaklingsþjálfun, tilvísun o.s.frv. Hver deild gerir áætlun sem hentar starfi deildarinnar. Deildarstjóri ber ábyrgð á að aðgerðaráætlun sé framfylgt.

**HLJÓM-2** er greiningartæki sem er lagt fyrir að hausti til að meta hljóðkerfisvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Þar er verið að kanna þættina rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreiningu, margræð orð, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu.

### Verkferlar við HLJÓM-2

**Framkvæmd:** Kennarar á deildinni með Hljóm-2 réttindi taka prófið á öllum börnunum að hausti (sept-okt). Á vorin er HLJÓM-2 lagt aftur fyrir þau börn sem fá niðurstöðurnar *slök færni* og *mjög slök færni*.

**Niðurstöður:** Kennari reiknar úr prófinu og setur á niðurstöðublað. Niðurstöður eru kynntar í foreldrasamtölum að hausti. Leiðbeiningablað með niðurstöðum hvers barns er afhent í samtalinu *fylgiskjal 3*.

Eftir að fyrirlögn allra barna lýkur að hausti eru niðurstöður teknar saman og niðurstöður skoðaðar í heild. Ef einhver þáttur kemur áberandi slakur út í heildina er t.d. skert á þeim þætti í samverustundum og slíku. Einnig eru niðurstöður sendar til fulltrúa á Fræðsluviði Akureyrarbæjar sem setur niðurstöður allra skóla á Akureyri saman í eitt skjal sem skólarnir fá afrit af. Niðurstöður HLJÓM-2 fylgja börnunum í grunnskólann.

**Eftirfylgd:** Aðgerðaráætlun er gerð fyrir þau börn sem þurfa aukna aðstoð. Einnig er hver hópastarfshópur skoðaður með tilliti til niðurstaðna og unnið með þætti sem koma slakir út og þeir fléttaðir inn í hópastarf, vinnustundir og skólahóp.

**Leiðir til íhlutunar:** Leikir, spil og annað sem þjálfa hljóðkerfisvitund eru sett inn í námsáætlun og allir hópar/hópstjórar framfylgja aðgerðaráætlun. Deildarstjóri ber ábyrgð á að aðgerðaráætlun sé framfylgt. Ef niðurstaða hjá barni er mjög slök færni þá er skoðað hvort senda eigi tilvísun strax til talmeinafræðings.

## EFI-2

EFI-2 er skimun á málþroska barna, máltjáningu og málskilningi. Skimunin byggist á myndabók sem barn og starfsmaður skoða saman. Skimunin skiptist þannig að 21 atriði kanna málskilning og 18 atriði kanna máltjáningu.

### Verkferlar við EFI-2

**Framkvæmd:** EFI-2 er hægt að nota með börnum frá þriggja ára, eins mánaða og sautján daga til þriggja ára, tíu mánaða og sextán daga. (3;1;17-3;10;16). EFI-2 skimun er beitt sem viðbótarskimun á Iðavelli ef starfsmenn þurfa viðbótar upplýsingaöflun á mati barna. TRAS er lagt fyrir öll börn en EFI-2 eftir þörfum.

**Niðurstöður:** Sérstakt skráningarblað fylgir skimuninni til að skrá niðurstöður. Svör barnsins eru skráð jafnóðum á skráningarblaðið og að lokinni skimun fást vísbendingar um hvernig málþroski barnsins er miðað við jafnaldra. Niðurstöður eru ræddar við foreldra.

**Eftirfylgd:** Aðgerðaráætlun er gerð fyrir þau börn sem koma út með slakan málþroska. Deildin og sérkennsluteymi vinna í sameiningu að þeim þáttum sem þarf að efla.

**Leiðir til íhlutunar:** Málörvun, hóp eða einstaklings. Ýmsar leiðir til að efla málþroska barnsins í gegnum leikinn, bæði máltjáningu og skilning.

### Ferilmappa barnsins

Ferilmappa barnsins segir sögu barnsins í leikskólanum. Ferilmappan á að sýna að barnið tilheyrir hópnum og því líði vel. Að barnið tjái hugsanir sínar og tilfinningar. Sé forvitið, rannsakandi og skapandi. Ferilmöppur barnanna eiga að vera einstaklingsmiðaðar og eru því ekki allar eins. Ferilmappan er í senn safn af verkum barnsins og námsferill þess. Ferilmappan er aðgengileg fyrir barnið og þegar barn hættir eða útskrifast úr leikskólanum fær það innihald möppunnar.

Ferilmappan metur eftirfarandi námsþætti ásamt öðru: Líðan, áhugasvið, sköpun, samfélagsvitund, könnun, tilfinninganátt og virkni barnsins.

- **Innihald Ferilmöppu getur verið:**
  - Teikningar eða verk barnsins eða ljósmyndir af verkum.
  - Skráningar/námssögur af barninu í ólíkum aðstæðum t.d. frjáls leikur, útvera, matartímar, samverustund o.fl. 2 námssögur á önn.
  - Gullkorn.
  - Tilvitnanir í það sem barnið segir í daglegu starfi sem lýsa hugsun þess, könnun og rannsókn.
  - Dæmi um hæfni barnsins á námssviðum leikskólans.
  - Dæmi um umhyggju barnsins fyrir öðrum.
  - Dæmi um virkni barnsins í nærsamfélaginu.
  - Dæmi um forvitni barnsins og sköpun.
  - Samtal við barnið – fer eftir aldri barnsins!
  - Afmælisblað – myndir sem lýsir degi barnsins. Unnið í samvinnu við barnið.
  - Sjálfsmýndir, að hausti og vori – teikniþroski skoðaður.
  - Hópmyndir af hverri deild.
  - Hæðarmæling.
  - Frumtilfinningar.

## Verkferlar ferilmöppu

**Framkvæmd:** Starfsfólk deilda safnar gögnum allan veturinn í ferilmöppu barns. Stuðst er við fyrirfram ákveðna efnisþætti, en einnig einnig er sérstöku efni safnað þegar tækifæri gefast. Horft er til þátta sem fram koma í skólanámskrá við skráningu (sjá nánar í skólanámskrá).

**Niðurstöður:** Markvissar ferilmöppur nýtast til að meta nám og þroska barna í gegnum daglegar venjur í leikskólanum í stað þess að notast við próf. Þannig geta kennarar framkvæmt mat sem felur í sér að varpa ljósi á getu barna og þroska, áhuga og námsferlið í sínu náttúrulega umhverfi í stað þess að setja börnin í sérstakar aðstæður til að prófa kunnáttu þeirra.

**Eftirfylgni:** Markvissum ferilmöppum er ætlað að halda utan um skráningu á námsferli barnsins, en gögnin geta verið verk barnsins, ljósmyndir úr starfinu eða skráning á reynslu barnsins. Tvisvar til þrisvar á ári er síðan efni möppunnar ígrundað með samkennurum, barninu og fjölskyldu þess og ef þarf eru sett fram markmið varðandi þroska og getu barnsins sem leikskóli og fjölskylda vinna saman að (sjá nánar í skólanámskrá).

## AEPS

AEPS er færnimiðað matstæki. Matstækið er hagnýtt kerfi sem nýtist við gerð einstaklingsnámskrár. Lögð er áhersla á samstarf foreldra og fagmanna við gerð markmiða. Matstækið eflir samstarf foreldra og fagfólks í vinnu með barninu. Matstækið er styðjandi við foreldra, samanburður er við barnið sjálft, góð mynd er dregin upp af styrkleikum og veikleikum barnsins og tenging er á milli niðurstöðna úr matslista yfir í markmið og leiðir. Listinn skiptist í tvo hluta, aðstæður fjölskyldu heima og þroskaþættir barnsins. Prófbættir eru í sex hlutum; fín- og grófhreyfingar, færni í daglegum athöfnum, vitsmunabáttur, félagsleg tjáskipti og samskipti. Aldurskipting er þannig að einn listi er fyrir aldurinn 0-3 ára og hins vegar 3-6 ára aldurinn. AEPS er notað í sértækum tilgangi til að meta börn nánar á vissum þáttum, t.d. börn sem eru í sérkennslu.

## Verkferlar við AEPS

**Framkvæmd:** Foreldrar svara listanum „Upplýsingar frá fjölskyldu.“ Starfsfólk fyllir út í listann sem nefnist „Matslisti fyrir börn.“ Starfsfólk fyllir gjarnan út listann í teymi.

**Niðurstöður:** Starfsfólk tekur upplýsingar saman. Gagnleg markmið valin út frá niðurstöðum. Ef um endurmat er að ræða þá eru niðurstöður bornar saman við fyrra mat og milli þátta.

**Eftirfylgni:** Starfsfólk fyllir út listann „Matslisti fyrir börn“ á u.þ.b. 6 mánaða fresti til að fylgjast með framförum. Markmið eru endurskoðuð í samvinnu við foreldra.

**Leiðir til íhlutunar:** Einstaklingsnámskrá með markmiðum sem eru endurskoðuð á u.þ.b. 6 mánaða fresti. Sérkennsla. Tilvísun.

## Skólaskil

Þegar börn flytja á milli leikskóla eða skólastiga skila kennarar skólans útfylltu eyðublaði til viðtökuskóla. Eyðublaðin má sjá á *fylgiskjölum 4 og 5*.

## Verkferlar skólaskila

**Framkvæmd:** Þegar skil eru á milli leikskóla þá fyllir sérkennslustjóri út eyðublað, *fylgiskjal 4*, og tekur afrit af þeim gögnum sem eiga að fylgja með til viðtökuskóla. Þegar skilin eru yfir á næsta skólastig fyllir starfsfólk elstu deilar út eyðublað, *fylgiskjal 5*, og tekur afrit af þeim gögnum sem fylgja eiga í grunnskólann. Eyðublöðin eru ávallt borin undir foreldra/forráðamenn áður en gögnin eru send til viðtökuskóla.

Þegar um sérkennslumál ræðir þá er samið skólabréf til viðtökuskóla/grunnskóla. Foreldrar/forráðamenn lesa yfir bréfið áður en sérkennslustjóri sendir skólabréfið frá sér til sérkennsluráðgjafa Fræðslusviðs. Þegar vora tekur er haldinn skilafundur í þeim grunnskóla sem sérkennslubarnið ætlar að hefja skólagöngu sína. Skilafundinn sitja kennari/kennarar sem taka við barninu í grunnskóla, sérkennsluráðgjafi Fræðslusviðs, sérkennslustjóri Iðavallar og deildarstjóri barnsins í leikskólanum eða annar starfsmaður sem þekkir barnið best.

## Vinnuferli sérkennslumála

Á Iðavelli er lögð áhersla á gott foreldrasamstarf. Foreldrar/forráðamenn koma að ferli sérkennslumála strax frá upphafi og ef foreldrar/forráðamenn og/eða kennarar hafa áhyggjur af þroska barnsins fer ákveðið ferli í gang. Sérkennsluteymi er starfandi við leikskólann.

**Framkvæmd:** Ýmist hafa foreldrar/forráðamenn eða leikskólinn frumkvæðið að því að orða hagi barns. Fundur er settur á og styrkleikar og veikleikar barns eru ræddir. Alla jafna er unnið með barnið í 3-6 mánuði, markmið eru sett niður og unnið að þeim bæði heima fyrir og í leikskólanum og á meðan fer fram gagnasöfnun. Gagnasöfnun felur í sér skráningar, myndbandsupptökur, greinargerðir og ef þörf er á útfylling lista. Á Fræðslusviði Akureyrarbæjar eru starfandi sálfræðingur og sérkennsluráðgjafi sem þjónusta leikskóla bæjarins. Sérkennslustjóri sendir tilvísun til Fræðslusviðs ef óskað er eftir aðstoð varðandi barn.

**Niðurstöður:** Ef niðurstaðan er að vinna áfram með barn á leikskólanum án þess að leita til skólaþjónustu er gjarnan útbúin námskrá með markmiðum og leiðum til þjálfunar. Endurskoðun er á c.a. 6 mánaða fresti. Ef niðurstaðan er að vísa málinu áfram gerir sérkennslustjóri tilvísun til Fræðslusviðs. Þar taka sérkennsluráðgjafi og sálfræðingur Fræðslusviðs við málinu. Ákveðið mat fer í gang þar sem fulltrúar Fræðslusviðs kalla eftir gögnum um barnið. Þegar búið er að meta gögnin er haldinn skimunarfundur með foreldrum/forráðamönnum og starfsfólki leikskólans. Eftir það getur komið greining eða barni vísað áfram í frekara mat t.d. á Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins eða Þroska- og hegðunarmiðstöð.

**Eftirfylgni:** Markmið eru endurskoðuð eftir þörfum. Teymisfundir eftir þörfum með öllum aðilum.

**Leiðir að íhlutun:** Sérkennsla á Iðavelli fer fram inn á deildum, í sal og í útiveru, í stærri og smærri hópum. Einnig höfum við til afnota sérkennsluherbergi sem við notum þegar við teljum að ekki sé unnt að vinna með barninu á fullnægjandi hátt innan um önnur börn. Herbergið er notað jafnt í einstaklings- og hópa kennslu. Þeir þættir sem eru þjálfaðir eru t.d. fín- og grófhreyfingar, málþroski, félagsþroski og athafnir daglegs lífs.

## Íslenska sem annað mál

Stór hluti barnahópsins á Iðavelli eru börn með íslensku sem annað mál og hefur sá hópur farið stækkandi síðustu ár. Iðavöllur hefur unnið ötult starf í formi þróunarstarfs með þessum barnahópi og fjölskyldum þeirra. Málörvun er í forgrunni og fjölskyldurnar eru hvattar til þess að vinna með



heimamálið t.d. með því að tala við börnin, lesa bækur og syngja lög á sínu tungumáli. Lögð er áhersla á að börnin fái einnig að fá að nota og kynna þeirra móðurmál fyrir samnemendum sínum. Þau læra að syngja lög og að telja frá 1 upp í 5/10 á þeirra tungumáli. Samverustundir eru til að mynda notaðar til þess að læra lög og að telja á öllum þeim tungumálum sem töluð eru á deildinni. Þau fá einnig tækifæri til þess að segja frá sínu heimalandi og sýna hópnum myndir og/eða myndbönd.

### Verkferlar íslensku sem annað mál

**Framkvæmd:** Móttökuáætlun Iðavallar miðast að því að taka sem best á móti þessum börnum og fjölskyldum þeirra og að þau upplifi sig örugg í leikskólaumhverfinu. Fánar heimalandsins og kveðja á ýmsum tungumálum er hengt upp í forstofum og er sýnilegt þeim sem koma þar inn. Á deildarhurðum eru fánar þeirra barna sem eru á hverri deild. Málörvunarstarf er mismunandi eftir deildum, aldri og getu barnanna. Tvítýngisfulltrúi Iðavallar starfar með börnunum og veitir þeim auka málörvun til viðbótar við málörvun á íslensku sem börnin fá á sinni deild.

**Niðurstöður:** Staða barnanna er metin eftir [Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltýngd börn](#) (sjá fylgiskjal 8) sem gefinn var út af Menntamálastofnun. Geta hvers barns er staðsett á þáttunum í rammanum og svo í kjölfarið er unnið með börnin eftir getu þeirra og þau sem þurfa meiri þjálfun er veittur auka tími.

**Eftirfylgni:** Hæfniramminn er skoðaður reglulega með tilliti til framfara og getu barnanna.

### Námssvið aðalnámskrár leikskóla

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Um er að ræða ferli sem á að vera samþætt daglegu starfi leikskólans og fela í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð barna.

Markmið mats er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna á þroska barna, námi og líðan. Matið á einnig að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá og að réttindi barna séu virt.

Þegar fylgst er með þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á:

- Alhliða þroska
- Sjálfstæði
- Áhugasvið
- Þátttöku í leik úti og inni
- Félagsfærni og samkennd
- Frumkvæði og sköpunarkraft
- Tjáningu og samskipti

Hver leikskóli á að þróa fjölbreyttar aðferðir við að safna, skrá, skipuleggja og greina upplýsingar um þroska barna, nám, vellíðan og færni og móta sérstakt vinnulag þar um. Fjalla þarf um vinnulagið í skólanámskrá, hafa það aðgengilegt þeim sem málið varðar og tengja það innra mati leikskólans eftir því sem við á (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 46-47).

### Mat á námi barna: hlutverk kennara

Eitt helsta hlutverk leikskólakennara og annars starfsfólks er að fylgjast með þroska barna, vellíðan og námi. Það gera þeir með fagmennsku að leiðarljósi með það í huga að börn eru margvísleg og

þroskast hver á sínum hraða og á sinn hátt. Í fagmennsku leikskólakennara felst siðferðileg skylda þeirra að gera það sem þeir telja viðkomandi barni fyrir bestu.

<b>Að fylgjast með námi barna þegar fylgst er með þekkingarleit, námi og velferð barna er lögð áhersla á:</b>	<b>Þær upplýsingar eiga að leiða til skoðunar á eftirfarandi þáttum í starfi skólans:</b>
Alhliða þroska barnsins og þá þekkingu sem það öðlast þegar það fæst við fjölbreytt viðfangsefni í daglegu starfi leikskólans.	Framboð leikskólans af fjölbreyttum viðfangsefnum og stuðning við nám barnsins.
Sjálfstæði barnsins og þá þekkingu sem það öðlast þegar það sýnir sjálfstæði í daglegu starfi, segir skoðun sína og hefur áhrif.	Viðleitni starfsfólks leikskólans til að leita eftir sjónarmiðum barnsins, hlusta og að láta skoðanir barnsins hafa áhrif á starfsemina.
Áhugasvið barnsins og þá þekkingu sem það öðlast þegar það finnur farveg fyrir áhugasvið sín og fær að njóta sín.	Viðleitni starfsfólks leikskólans til að bera virðingu fyrir margbreytileika barna, ólíkri þekkingu og menningu sem og ólíkum áhugasviðum.
Þátttöku barnsins í leik úti og inni og þeirri þekkingu sem það öðlast í þátttöku í starfi leikskólans bæði úti og inni.	Möguleika leikskólans og viðleitni starfsfólks til að bjóða barninu þátttöku í leik og aðstoð og styðja á markvissan hátt við það sem talið er að gagnist barninu.

(Þemahefti um námsmat í leikskólum, bls. 13-14)

Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðuð og til þess gert að efla hver barn. Á grundvelli þess skal veita þeim námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í skólastarfinu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, Bls. 7).

### Verkferlar við mat á námi barna

**Framkvæmd:** Matstæki leikskólans ásamt ferilmöppu barnsins eru notuð til að meta stöðu barna.

**Niðurstöður:** Eru notaðar í foreldrasamtölum þar sem farið er yfir stöðu hvers og eins. Niðurstöður eru einnig teknar saman fyrir hverja deild og skila deildastjórar skýrslu yfir stöðu sinnar deildar í hverjum matsþætti til skólastjóra vor hvert, *sjá fylgiskjal 6*.

**Eftirfylgni:** Deildarstjórar skila einnig úrbótaáætlun komi einhverjir þættir ekki nógu vel út á deildinni.

### Hæfnipættir við lok leikskóla

Í aðalnámskrá er hæfnipáttum lýst sem stefnt er að við lok leikskóla. Þættirnir eru byggðir á grunnþáttum menntunar og ákvæðum í leikskólalögum. Í kafla námskrárinnar um námssviðin og um mat á námi og velferð barna eru hæfniviðmið lögð til grundvallar mati á námi barnanna. Leikskólakennarar og annað starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð á að börn nái þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram á námssviðum leikskólans (Lög um leikskóla nr. 90/2008; Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 41-45) og þau eru:

#### 1.1.1. Læsi og samskipti

Þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- Leysa úr ágreiningi við jafningja á friðsamlegan hátt
- Vinna úr reynslu sinni í leik og skapandi starfi
- Tjá sig með fjölbreyttum hætti (líkamlega, munnlega og í skapandi starfi)
- Leita eftir merkingu orða og orðasambanda, ríma og átta sig á hljóðum stafa

- Njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri
- Ræða málefni og hlusta á aðra
- Nálgast upplýsingar með ólíkum leiðum og móta sér hugmyndir um þær
- Velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða

### 1.1.2. Heilbrigði og vellíðan

Þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- Sýna umhyggju
- Sjá um persónulega umhirðu
- Þekkja holla næringu
- Stunda fjölbreytta hreyfingu
- Stunda ögrandi og krefjandi útivist
- Stunda slökun og hvíld
- Sýna tilfinningalegt jafnvægi
- Eiga jákvæð samskipti
- Njóta félagslegra tengsla

### 1.1.3 Sjálfbærni og vísindi

Þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- Velta vöngum yfir umgengni sinni og bera virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi
- Átta sig á því hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun
- Skilja hringrásir og ýmis fyrirbæri í náttúrunni
- Átta sig á margvíslegum auðlindum náttúrunnar
- Velta vöngum yfir nýtingu náttúrunnar
- Vinna með upplýsingamiðlun, framsetningu og gildi upplýsinga
- Vinna með stærðfræðileg viðfangsefni, s.s. tölur, tákni og mynstur
- Vinna með lífverur í umhverfinu og lífshætti þeirra
- Vinna með eðli ýmissa krafta og birtingarmyndir þeirra í umhverfinu
- Skoða eiginleika ýmissa efna og hluta
- Velta vöngum yfir möguleikum og takmörkunum tækninnar
- Átta sig á rými, fjarlægðum og áttum

### 1.1.4 Sköpun og menning

Þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- Njóta þess að taka þátt í skapandi ferli
- Finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti
- Kanna og vinna með margvíslegan efnivið
- Nýta fjölbreytta tækni
- Njóta bókmennta, þula, söngs og ævintýra
- Læra texta og taka þátt í söng
- Skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu
- Njóta fjölbreyttrar menningar og lista

- Taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu
- Kynnast og vinna með listafólki á hinum ýmsu sviðum menningar og lista

(Aðalnámskrá leikskóla, bls. 5-6).

### Verkferlar við mat á hæfniviðmiðum aðalnámskrár

**Framkvæmd:** Mat á grunnþáttum menntunar fer fram einu sinni á önn – á hverri deild fyrir sig. Starfsfólk deildar tekur fyrir á deildarfundum hvort og þá hvernig er unnið að hverjum þætti fyrir sig á deildinni.

**Niðurstöður og eftirfylgni:** Deildarstjóri uppfærir vinnulag deildarinnar og skilar umbótum inn til skólastjórnenda.

## Matstæki kennarar

Eins og fram kemur í Aðalnámskrá leikskóla gegna kennarar og fagmennska starfsfólks mikilvægu hlutverki í námi og þroska barna. Þess vegna er mikilvægt að allt starfsfólk ígrundi störf sín reglubundið og gefi sér tíma til sjálfsmats. Matslistar fyrir sjálfsmat og ígrundun starfsfólks á eigin starfi eru notaðir til stuðnings ígrundunar.

### Sjálfsmat kennara

Hver starfsmaður gefur sér tækifæri til ígrundunar samkvæmt sjálfsmatslistum. Gott er að taka fyrir mismunandi þætti hvert sinn, en matslistar eru í þremur þáttum (*sjá fylgiskjal 9*).

### Verkferlar við sjálfsmat kennara

**Framkvæmd:** Hver og einn ígrundar starf sitt út frá sjálfsmatslistum.

**Niðurstöður og eftirfylgni:** Deildarstjóri og skólastjórnendur ræða mat í starfsmannasamtölum.

## Leikur sem námsleið

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að hlutverk kennara í leik barna sé mikilvægt og margþætt, auk þess að sjá börnum fyrir fjölbreytilegu leikumhverfi, skapandi efniviði, tíma og rúmi, sé skynsamlegt að spyrja börnin opinna spurninga og styðja við jákvæð samskipti, sjálfspróttar athafnir þeirra og nám (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Þegar starfsmenn deilda meta leik sem námsleið á sinni deild eru eftirfarandi skilgreiningar hafðar í huga:

1. Leikurinn er valinn af börnum
2. Leikurinn er „búinn til“ og fundinn upp af börnum
3. Leikurinn er í þykjustunni, en er framkvæmdur eins og um veruleika sé að ræða.
4. Leikurinn fókuserar á framkvæmd – ekki útkomu.
5. Leikurinn er framinn af börnum – ekki fullorðnum.
6. Leikur krefst virkrar þátttöku.
7. Leikur er skemmtilegur.


Þar sem margmenning er einkennandi fyrir starf Iðavallar er mikilvægt að þekkja reynslu allra barna svo hægt sé að byggja gott námsumhverfi.

### Verkferlar við mat á leik sem námsleið

**Framkvæmd:** Hlutverk og höfuðábyrgð kennara í námi og þroska barna er að gera sér grein fyrir því almenna lögmáli að nám og reynsla mótist af námsumhverfi, heldur einnig að þeir viti hvaða umhverfi stuðli best að reynslu sem veiti þroska. Kennarar eiga að kunna að setja upp og hagnýta efnislegt og félagslegt námsumhverfi til að skapa sem best námsskilyrði gegnum leik. Kennarar geta bæði takmarkað og stutt við athafnir barna og er mikilvægt að þeir geri sér grein fyrir því hlutverki sínu. Leikumhverfi og leikefni eru þess vegna mikilvægir þættir sem meta skal þegar skoðað er hvort skólastarf styðji við nám gegnum leik. Þegar starfsfólk metur leikinn í sínu starfi skal skoða:

- \*Tíma, rými og gæði efniviðar og umhverfis
- \*Tækifæri til áskorana, útfærslu og tilfærslu leiks
- \*Stuðning frá öðrum, jafningjum og lengra komnum – börnum og fullorðnum
- \*Tækifæri til að tengja milli heima – skóli/heimili – þekking/reynsla
- \*Tækifæri til að öðlast sjálfstraust, samskipti og umhyggju
- \*Að leikur sé viðurkenndur sem mikilvægur, frjálsræði og sveigjanleiki til að forma umhverfi og athafnir. En þetta er það sem börn þurfa til þess að læra gegnum leik (Wood, 2013).

Hlutverk kennara er meðal annars að meta gæði námsumhverfisins. Leikur og leikaðstæður eru metnar á hverri önn á hverri deild. Þar er farið yfir áðurgreinda þætti og rýniverklagi beitt.



(Wood, 2013)

**Niðurstöður:** Eftir mat starfsfólks deildarinnar eru gerðar úrbætur og tryggt að allir þekki verklagið.

**Eftirfylgni:** Umbótaáætlun er skilað til skólastjórnenda.

## Fylgiskjöl

### Fylgiskjal 1. TRAS

2-3 ára	
Samleikur/ félagsfærni	1. Hefur áhuga á að leika við aðra?
	2. Sækist eftir því að hjálpa til við ýmis störf?
	3. Á frumkvæði að jákvæðum samskiptum?
Tjáskipti/ Samskipti	1. Lætur í ljós að fyrra bragði þörf fyrir að tjá sig?
	2. Tjáir sig með orðum við aðra að eigin frumkvæði?
	3. Getur haldið uppi samræðum, (a.m.k. 3 setn)
Athygli/ Einbeiting	1. Getur beint athygli að ákveðnu verkefni?
	2. Getur haldið athygli við verkefni í dálitla stund?
	3. Finnst gaman að láta lesa fyrir sig?
Mál- skilningur	1. Getur bent á algenga hluti?
	2. Fylgir einföldum fyrirmælum?
	3. Finnur réttan hlut þegar so. eru notuð í fyrirmælum?
Málvitund	1. Sýnir áhuga þegar þið skoðið saman myndabækur?
	2. Tekur þátt í leikjum með rím og stutter þulur?
	3. Tekur þátt í söngstundum?
Fram-burður	1. Er tiltölulega auðvelt að skilja barnið?
	2. Getur borið fram orð með /m/n/b/d/l/?
	3. Ber orð yfirleitt skýrt fram?
Orðaforði	1. Er tiltölulega auðvelt að skilja barnið?
	2. Getur borið fram orð með /m/n/b/d/l/?
	3. Ber orð yfirleitt skýrt fram?
Sefinga- myndun	1. Notar 2 til 3 orða setningar (yrðingar)?
	2. Spyr spurninga (með hljómfalli eða orðum)?
	3. Notar yrðingar með nei/ekki?

3-4 ára	
Samleikur/ félagsfærni	1. Fylgir reglum í leik sem fullorðinn stýrir
	2. Aðrir mega sýna því áhuga sem það er upptekið af
	3. Tekur leiðbeiningum með því að herma
Tjáskipti/ Samskipti	1. Notar málið í eðlilegu samhengi
	2. Heldur uppi samræðum (3-4 mín)
	3. Tjáir óskir sínar, tilfinningar og þarfir með orðum?
Athygli/ Einbeiting	1. Heldur sig við sjálfvalið verkefni?
	2. Situr kyrrt á sínum stað ef til þess er ætlast?
	3. Biður í röð án þess að missa athyglina?
Mál- skilningur	1. Flokkar hluti eftir yfirhugtökum?
	2. Skilur setningar sem innihalda forsetningar?
	3. Þekkir minnst þrjú til fjögur litaheiti?
Málvitund	1. Man rímleiki og söngva sem oft er farið í?
	2. Tekur þátt í að ríma?
	3. Getur með hjálp mynda greint mun á líkum orðum?
Fram-burður	1. Getur borið fram K og G í orði?
	2. Notar S/F/V fremst í orði?
	3. Getur borið fram öll atkv. í þriggja atkv. orðum?
Orðaforði	1. Notar nafnorð í fleirtölu?
	2. Notar spurnarorð?
	3. Notar þátíð sagna?
Setinga- myndun	1. Getur myndað 4 orða setningu með réttri orðaröð?
	2. Notar forsetningar í setningum?
	3. Tengir saman setningar með og/en?

4-5 ára	
Samleikur/ félagsfærni	1. Tekur þátt í samleik (20-30mín)
	2. Tekur þátt í hlutverkaleik
	3. Fylgir félagslegum leikreglum
Tjáskipti/ Samskipti	1. Samhengi í frásögn
	2. Tjáð sig skiljanlega og tekið svörum
	3. Getur farið með stuttar vísur/gátur
Athygli/ Einbeiting	1. Haldið athygli við verkefni (20-30 mín)
	2. Leikið sér án þess að trufla aðra
	3. Tekið þátt í frjálsum leik á við jafnaldra
Mál- skilningur	1. Stigbreyting lýsingarorða
	2. Neitun í aukasetningu
	3. Útskýrt orð yfir algenga hluti
Málvitund	1. Rímar
	2. Aðgreinir fyrsta hljóð í orði
	3. Skrifar nafnið sitt
Fram-burður	1. Samhljóðaklasar (ljón, klukka, veski)
	2. Borið fram /s/ hljóðið rétt
	3. Borið fram /r/ hljóðið rétt
Orðaforði	1. Notar litahæiti með nafnorðum
	2. Notar yfirhugtök
	3. Notar orð yfir form, stærð og fjölda
Setinga- myndun	1. Af hverju/hvers vegna spurningar
	2. Setningar í þátið
	3. Notar af því setningar



Fylgiskjal 2. MIO


<b>Merki:</b>		
x getur		<b>MIO</b>
/ getur að hluta		
• getur ekki		
2 – 3 ára		
Prauta- lausnir	Tu	Skilur hugtökin <b>stór/litill</b> Veit hvað er <b>uppl/upp - niðri/niður</b>
	Rö	Veit hvaða útiföt <b>þarf</b> þegar rignir Sækir <b>viðeigandi hluti</b> í leik og gengur frá leikföngum á <b>réttan stað</b>
Rúm- fræði	Fo	Getur bent á <b>líkamshluta</b> (a.m.k. fjórir) Greinir á milli <b>ólíkra forma</b> , t.d. púsl
	My	<b>Parar saman</b> tvær eins myndir Sýnir <b>takti</b> og <b>hreyfingu</b> áhuga
